

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

27. september 2013

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Skólastarfið hefur farið ágætlega af stað það sem af er hausti og er nú óðum að færast í fast form.

Ýmislegt skemmtilegt hefur verið gert til að brjóta upp skólastarfið og efla tengsl nemenda, jafnt innan starfsstöðvarinnar okkar hér og við hinar stöðvarnar á Hólum og Sólögörðum. Nemendur 5. - 7. bekkjar í öllum skólanum fóru í gistiferð fram í Steinsstaði, allir nemendur í 1. - 7. bekk tóku þátt í skógardegi á Hólum og fóru nemendur 8. - 10. bekkjar í vel heppnaða ævintýraferð. Loks fóru nemendur í 1. - 3. bekk skólans í skemmtilega veiðiferð út á sjó.

Kennsla fellur niður eftir hádegi þriðjudaginn 1. október

Vegna fræðsluþings á Sauðárkróki þriðjudaginn 1. október, fellur kennsla niður eftir kl.11:50. Er þá skólaakstur eins og venjulega á þeim tíma.

Haustþing kennara föstudaginn 4. október.

Föstudaginn 4. október verður frí hjá nemendum vegna Haustþings kennara.

Heimasíðan www.gsh.is

Heimasíða skólans er komin með nýtt útlit og er komin í gagnið á ný, þar sem fréttir og tilkynningar munu koma fram.

Rakelarhátíðin

Minningarhátíðin kemur til með að frestast um ótiltekinn tíma, vegna framkvæmda sem eru í gangi í Höfðaborg. Hátíðin verður auglýst síðar.

Vinaliðanámskeið

Vinaliðar skólans fara þriðjudaginn 1. október á námskeið í Varmahlíð. Þar verður farið yfir hlutverk vinaliðans og þeim kenndir leikir.

Fyrirlestur um sjálfsmynd unglunga

Fimmtudaginn 3. október fara nemendur 9. og 10. bekkjar á fyrirlestur í Varmahlíð. Fyrirlesarar eru Bjarni Fritzon og Kristín Tómasdóttir.

Íþróttakennsla

Þriðjudaginn 1. október verða íþróttir kenndar inni í Höfðaborg. Þannig að allir nemendur eru beðnir um að hafa með sér innanhúss íþróttafatnað. Sund verður áfram á mánudögum og fimmtudögum.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi